



Alþýðusamband Íslands

Ályktun 41. þings Alþýðusambands Íslands um menntamál

Tækifæri til menntunar er grundvöllur að virkri þátttöku á vinnumarkaði og í samfélaginu. Aðgengi allra að menntun er eitt öflugasta tæki sem við höfum til að auka jöfnuð og tryggja félagslega aðlögun.

41. þing Alþýðusambands Íslands mótmælir harðlega þeim niðurskurði sem stjórnvöld boða í framhaldsskólakerfinu m.a. með fækkun á nemendaígildum og aldursmismunun sem takmarkar mjög aðgengi þeirra sem orðnir eru 25 ára að framhaldsskólanum. Þessi stefna bitnar hart á þeim sem hafa hvað minnsta menntun, fækkar tækifærum þeirra og eykur kostnað nemenda til muna.

Boðaðar breytingar ganga þvert á yfirlýsta stefnu stjórnvalda um að fjölga þeim sem lokið hafa framhaldsskólamenntun á vinnumarkaði og vinnur gegn jafnrétti til náms. Því krefjast þingfulltrúar þess að menntamálaráðherra endurskoði nú þegar fyrirhugaðar breytingar.